

Það sem þjóðsagan þegir um

Í Sögubroti af Árna á Hlaðhamri sem er að finna í Þjóðsögum Jóns Árnasonar (II. bindi) segir frá Árna nokkrum, bónda í Hrutafirði, sem myrti tengdason sinn með grimmilegum hætti. Björn Th. Björnsson, okkar helsti höfundur á sviði sögulegra skáldsagna, hefur nú tekið þessa gömlu sögu til handargagns og lagt út af henni í bók sinni Hlaðhamri.

Í sögu Björns er Árni nefndur Kársson og er hið mesta illmenni. Hann er kjaftfor, skapbráður með afbrigðum, þjófóttur, orðljótur og heiftrækinn. Ástæðurnar fyrir skapbrestunum er að finna í uppvexti hans og ytri aðstæðum; fátækt, harðneskja og vanmáttur hafa mótað hann og gert hann illan. Barnsmóðir hans kemur dóttur þeirra, Guðrúnu, barnungri til hans í fóstur og upp frá því snýst sagan um uppeldi hennar, baráttu hins einstæða föður við að afla mjólkur og matar og hvernig samband þeirra feðgina þróast. Árni reynist eiga blíðu til í forhertum huga sínum, ungvíðið snertir viðkvæman streng í honum eins og í Bjarti í Sumarhúsum forðum. Hann elskar dóttur sína takmarkalaust á sinn eigingjarna hátt. Hann vill helst halda henni kyrr og einangraðri á bænum, sefur uppí hjá henni og viðhefur jafnvel ýmsa ósæmilega tilburði við hana. Guðrún litla elskar föður sinn og virðir meðan hann er miðpunktur tilveru hennar. Eftir því sem hún eldist og kynnist heiminum tekur viðhorf hennar miklum stakkaskiptum. Sjálf segist hún hafa orðið fullorðin á einum degi. Þegar að henni er vegið er heiftrækni hennar engu minni en föður hennar.

Framvinda sögunnar er hæg framan af og nostrað er við hvert smáatriði. Margar sérlundaðar og eftirminnilegar persónur stíga fram í sögunni, s.s. sýslumaðurinn á Bæ sem er fulltrúi hins spillta dansk-íslenska yfirvalds, Valgerður húsfreyja í Hlíð sem er stórlát og lætur ekki bugast af fátækt og andstreymi og Finna formaður í Bænhúsvík en hún er mikill kvenskörungur. Sagan leiðir í ljós gríðarlegan stéttamun sem einkennir sögutímann og teflir fram andstæðum eins og yfirvaldi og alþýðu, sakleysi og illsku, harðneskju og blíðu. Illska Árna á sér engin takmörk og þegar hann dvelur í fangelsinu er hann orðinn eins og dýr. Sakleysi Guðrúnar er alveg yfirgengilegt, í textanum er ýjað að kynferðislegri áreitni föður hennar en hún ber ekkert skynbragð á þá tilburði. Vel má ímynda sér hvað sá gamli hefur hugsað sér með hana ef hann hefði fengið að ráða og e.t.v. er skýringanna á afbrýði hans gagnvart tengdasyningnum þarna að leita.

Rómuð stílgáfa Björns nýtur sín stórvel í fornlegu orðfæri bæði persónanna og sögumannsins. Í textanum er t.d. að finna allskonar skringileg orð, nafngiftir og heiti á amboðum ýmsum sem nú eru flestum gleymd. Það er orðaforðanum og stílnum að þakka að lesandinn getur horfið aftur um þrjár, fjórar aldir og fundið súran mygluþefinn í moldarkofunum leggja fyrir vitin. Stundum koma fyrir örstutt myndræn innskot frá sögumanni sem sýna gott vald á tungumálinu. Mikil alúð er lögð í samtölin í sögunni. Þau lífga mjög upp á og varpa skýru ljósi á persónurnar þótt þau séu stundum innihaldsrýr og verði fulllög. Mikið er um blót og ragn, tilsvör eru hnyttin en það er svo skrýtið að þau enda næstum öll á upphrópunarmerki!

Björn lýsir vandlega því sem þjóðsagan þegir um. Atburðir hennar tala sínu máli, tilgangur Björns er að skýra aðdraganda þeirra út frá aðstæðum og ástríðum þessa fólks. Persónur sem ekkert eru nema nöfn á gulnuðum blöðum fá líf og lit, skáldleg innsýn er veitt í hugarheim þeirra. Í bókinni birtast skemmtilegar og sannfærandi lýsingar á lífi fólks fyrr á öldum, kotbúskap og hjásófelsi í hnúskóttum rúmbálkum. Unnendur sögulegra skáldsagna geta vel við unað. Þetta er bók sem gott er að lesa við grútarýru.

Björn Th. Björnsson
Hlaðhamar
Mál og menning 1999

Bókmenntir
Steinunn Inga Óttarsdóttir

Birt í DV 19.11.99.

Síðustu setningunni var breytt, Silja vildi sleppa henni - til að styggja ekki Björn...! Þetta er bók sem er ljúft að lesa í skini lýsislampa...

